

um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánveitingar til íbúðabygginga og leggja fyrir þingið á grundvelli þeirrar rannsóknar tillögur til úrbóta, sem við það miðist, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárbörf, til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum.

#### Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar tillögu fluttu á síðasta Alþingi tillögu til þingsályktunar um lánsfé til íbúðabygginga (þskj. 729), og var hún að efni til svipuð þeirri tillögu, sem hér er flutt. Sú tillaga varð ekki afgreidd, en hér nægir að vísa til greinargerðar hennar um hina almennu þörf fyrir aukið lánsfé til íbúðabygginga.

Ástandið í þessum málum hefur sízt batnað frá því er síðasta þingi lauk. Bankar og lánastofnanir eru að langmestu leyti lokuð fyrir fólki, ef um byggingarframkvæmdir er að ræða. Í Reykjavík hefur bæjarstjórnin reynt að greiða nokkuð fram úr þessum málum síðustu árin — án þess að geta aflað nokkurs lánsfjár — með byggingu hinna svokölluðu Bústaðavegshúsa. Hefur framkvæmdin aðallega verið með þeim hætti, að bæjarstjórn hefur látið gera byggingarnar fokheldar, en einstaklingarnir síðan gerzt kaupendur og unnið mikið að byggingunum sjálfir, en bæjarsjóður veitt þeim hagkvæm lán, er svarar þeim kostnaði, sem fer í að gera byggingarnar fokheldar með hitalögn. En bæjarsjóðir geta að sjálfsögðu ekki til lengdar sinnt því hlutverki að vera eins konar lánastofnanir í þessu skyni. Þessi byggingarstarfsemi hlýtur líka að stöðvast nú, nema fram úr rætist með lánsútteganir með nýjum hætti.

Hefur nú verið gripið til þess eina úrræðis, sem virtist fyrir hendi, að undirbúa hverfi í bænum fyrir hagkvæmar smáíbúðir. Bæjarstjórnin stofnaði til samkeppni um hagkvæmar teikningar af slíkum húsum. Lóðaúthlutun var hafin og fjárhagsráð gaf byggingar slíkra smáíbúða frjálssar innan tiltekinna takmarka. Verða menn síðan að byggja af eigin rammleik og án nokkurrar aðstoðar um lánsúttegun. Bjartsýni og atorka einstaklinganna mun hér fá miklu áorkað, þar sem hagnýtt er sem mest vinnuafli fjölskyldunnar og vinfólks. Hinu tjáir ekki að loka augunum fyrir, að neyðin knýr hér marga til að hefjast handa, þótt lítil eða engin efni séu fyrir hendi. Er þá óverjandi, að einstaklingunum séu allar leiðir lokaðar til eðlilegrar lánsúttegunar, þegar sjálfsbjargarviðleitnin hefur lagt hornsteininn að húsnæðinu fyrir fjölskylduna.

Af þessum sökum var samþykkt eftirfarandi tillaga í bæjarstjórn Reykjavíkur þann 20. sept. s. l.:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gera hið fyrsta ráðstafanir til eflingar almennri lánastarfsemi til íbúðabygginga, er miðist við þá brýnu nauðsyn að bæta úr hinum tilfinnanlega húsnæðisskortri.“

Þó að hér sé nokkuð vikið sérstaklega að viðhorfi málanna í Reykjavík, hafa aðrir sömu sögu að segja og aðstaða annars staðar sízt betri.

Ef þessi tillaga verður samþykkt, mun framkvæmd hennar felast í því í fyrsta lagi, að safnað verður á eina hendi nákvæmum upplýsingum um þá möguleika, sem nú eru fyrir hendi um lánsútteganir. Hvað hafa t. d. verið veitt mikil byggingarlán á árinu úr bönkum og öðrum lánastofnunum, lífeyrissjóði og eftirlaunasjóðum, Byggingarsjóði verkamanna, öðrum sjóðum o. s. frv.? Hverju hafa byggingarsamvinnufélögin áorkað um lánsútteganir? Hver hefur hlutur bæjarfélaganna verið? Upplýsa þarf einnig um byggingamál sveitanna. Heilbriggt jafnvægi í framkvæmd málanna er nauðsynlegt. Hvað hefur svo mikið verið byggt og hvert er þá hlutfallið milli byggingarverðmætanna og byggingarlánanna?

Á grundvelli slíkrar rannsóknar ber ríkisvaldinu að hafa forgöngu um úrræði, sem eru a. m. k. fullnægjandi til þess að mæta eðlilegri lánsfjárbörf, til þess að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði. Hvaða menningarriki getur varið fyrir sjálfu sér eða hefur ráð á því, að börnin og uppvaxandi kynslóð búi í húsnæði, sem spillir heilsu og þroska og rænir borgarana allri lífsgleði, án þess að hafizt sé handa um þjóðfélagslegar aðgerðir til úrbóta?

Leggja verður megináherzluna á það, að einstaklingarnir eigi kost á eðlilegum lánnum, sem stuðla að því að útrýma hinu heilsuspillandi húsnæði. Þar næst ber að freista annarra ráða til þess að bæta úr húsnæðisskortinum almennt með skynsamlegri lánastarfsemi.

Hér eru stórvirki, sem bíða úrlausnar, og Alþingi og ríkisstjórn verða að hafa forustuna.